

## 5. fundur ferðamálaráðs

10. september 2015 kl. 12-14:00

**Fundarstaður:** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Mættir:** Þórey Vilhjálmsdóttir, formaður, Þórir Garðarsson, Halldór Benjamín Þorbergsson, Ásbjörn Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir, Ingibjörg Guðjónsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Gestir:** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Guðfinna Bjarnadóttir, María Reynisdóttir, ANR, Ingvar Pétur Guðbjörnsson ANR.

---

### 1. Kynning á drögum að ferðamálastefnu – Ragnheiður Elín Árnadóttir og Guðfinna Bjarnadóttir

**REÁ:** Stefnan er ennþá í vinnslu en óskar eftir að ráðið verði ráðherra til ráðgjafar í málinu. Er trúnaðarmál á þessu stigi og ráðið beðið að halda þann trúnað.

Mikilvægt að kynningin sé vönduð. Stefnt að því að stefnan verði kynnt innan mánaðar.

**GB:** Dreifir skipulagi um næstu skref og biður um innlegg frá ráðinu í þá vinnu. Fer yfir drög að stefnunni:

- Væntingar um auknar gjaldeyristekjur, þær verði um 600 ma.kr. árið 2020.
- Þurfum samhæfingu til þess að ferðapjónustan verði sá máttarstólpi sem efni standa til.
  - Stjórnstöð ferðamála – 10 manna stjórn, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, innanríkisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra, fjórir frá SAF og tveir frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga.
    - Verkefnateymi stjórnstöðvar – sér um að innleiða stefnuna í umboði stjórnstöðvarinnar.
- Stefnan er til 2030 en áherslur og verkefni til 2020 eru kynnt sérstaklega.
- 2015-2020 – Sterkur grunnur (sjá nánar í úthendi)
- 2020-2025 – Gott skipulag (sjá nánar í úthendi)
- 2025-2030 – Til fyrirmyndar á heimsvísu (sjá nánar í úthendi)

### Punktur frá ráðsmönnum

- Mikilvægt að það sé skrifað inn í stefnuna að hún sé endurskoðuð reglulega.
- Á hverju byggir spáin um fjölda ferðamanna. Mikilvægt að það sé frekar hærri spá en lægri þar sem spár sem gerðar hafa verið undanfarið hafa ekki gengið eftir, alltaf verið meiri fjölgun en gert hefur verið ráð fyrir.
- Varðandi markmiðin til ákveðinna ára þá er mikilvægt að það sé ljóst að það sé ekki verið að byrja á þeim fyrr en 2020 heldur að það sé byrjað strax.
- Mikilvægt að framkvæmdaáætlun fylgi.
- Mikilvægt að fjármagn sé tryggt og að trúverðugleiki stefnunnar standi og falli með því. Mikilvægt að það sé ljóst að teymið sé tryggt.
- Skoða hvað þarf að skrifa inn í lög til að tryggja undirstöður greinarinnar.
- Mikilvægt að það sé ljóst hvað er átt við með stjórnstöð ferðamála, verður gangrýni á að það sé verið að setja á fót nýja stofnun.
- Hafa jákvæða upplifun á undan arðsemi í bæklingi.
- Hætta að tala um dreifingu ferðamanna – tala frekar um flæði eða út frá því að auka segla um allt land. Samt spurning hvort að þetta er orðið of fast í málinu til að hægt sé að taka það út?
- Ánægja starfsmanna – tala líka um jákvæða upplifun heimamanna?
- Leggja áherslu á aðgerðirnar í kynningunni.

- Ekkert hafið yfir gagnrýni - nálgast verkefnið af auðmýkt.
- Áreiðanleg gögn – of almennt orðað? Þarf að vera markvissara hvað nákvæmlega á að gera? Kannski ekki segja nákvæmlega hvað á að gera en þó nákvæmar hvaða markmiðum á að ná?
- Aðal málið að það fylgi peningar.
- Taka fram að þetta sé fjárfesting en ekki útgjöld.
- Það að færa þjóðgarða, friðlýst svæði og þjóðlendur mun valda kurr og umræðu.
- Mikilvægt að tryggja bakland hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- Þarf að breyta lögum um skipulag sveitarfélaga til að koma því á að ferðamannastaðir séu skilgreindir í skipulagi sveitarfélaga?
- Það að skilgreina ferðamannastað sem fyrirmyndastað mun hvetja fólk til að fara á staðinn og þá þarf að tryggja að staðurinn geti tekið við þeim fjölda.
- Jákvæð upplifun ferðamanna - Ferðapjónustufyrirtæki í hverjum landshluta – frekar þjónustufyrirtæki?
- Drefing ferðamanna – ferðamannaleiðir, vantar inn í þetta gönguleiðir?
- Dreifing ferðamanna – efling almenningsgangna – er það ótrúverðugt þar sem þetta er ekki í raun núna? Hvað er átt við með almenningsgöngur?

Verður fundur í ráðinu í hádeginu á þriðjudaginn.